

**Nd.**

**135. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði o. fl.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að frá 1. jan. 1928 hafi Búnaðarfelag Íslands einkasölu á allskonar tilbúnum köfnunarefnisáburði.

Þegar Búnaðarfelag Íslands hefir öðlast þessi rjettindi, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til landsins tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Búnaðarfjelag Íslands getur, í samráði við atvinnumálaráðherra, með samningi fyrir 1 ár í senn falið öðrum sölu og afhending áburðarins. Í samningnum skal tiltekið hámark sölukostnaðar.

2. gr.

Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. jan. 1928 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregs-saltþjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltþjeturstegundum.

3. gr.

Á árunum 1928—32, að báðum árum meðtöldum, skulu skip ríkissjóðs annast allan flutning tilbúins áburðar endurgjaldslaust, bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem þau annars koma við á. Að svo miklu leyti, sem flutningi verður ekki komið við á skipum ríkisins, heimilast ríkisstjórninni að semja við Eimskipafjelag Íslands um ókeypis flutning áburðarins. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvisi um notkun tilbúins áburðar og annast útbýting hans til bænda.

5. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 5000 kr.  
Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumái.

Greinargerð.

Mál þetta hefir legið fyrir tveim undanförunum þingum, og er því ástæðulaust að láta sjerstaka greinargerð fylgja því nú. Að því er snertir einkasöluheimildina er frv. orðrjett, að breyttu ártali, eins og það var samþykkt í Nd. í fyrra. Ákvæðin um flutningshlunnindin eru úr upprunalega frumvarpinu.